

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 16. apríl 2019
UST201903-130/A.B.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Borgarbyggðar breyting - Iðunnarstaðir í Lundarreykjardal

Vísað er til erindis Borgarbyggðar er barst 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Borgarbyggðar í landi Iðunnarstaða í Lundarreykjardal.

Í greinargerð kemur fram að breyta á landnotkun á 4,2 ha svæði úr landbúnaðarnotkun í verslun og þjónustu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að uppbygging á hótél- og þjónustubyggingu ásamt tjaldsvæði fari fram á eldri túnnum. Í nágrenni túnanna er starungsmýrarvist sem skv. vistgerðakortum Náttúrfræðistofnunar Íslands er með mjög hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að starungsmýrarvist á svæðinu verði ekki raskað. Slík votlendisvist er oft búsvæði fugla sem eru ábyrgðartegundir Íslands og/eða á valista (2018) og forðast þessar tegundir alla byggð og umgang fólks og því líklegt að áhrif frístundabyggðar eða tjaldsvæðis nái langt út fyrir afmarkað svæði skipulagsins.

Umhverfisáhrif

Ef framkvæmdir verða á eldri túnnum mun gróður ekki verða fyrir áhrifum.

Að mati Umhverfisstofnunar verða áætlaðar framkvæmdar mjög sýnilegar og því er mikilvægt að þær verði felldar að umhverfinu, svo ekki skapist neikvæð sjónræn áhrif.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og

tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur